

Bréf menntamálaráðuneytisins til skólastjóra, um bindindiseftirlit í skólum.

212

16. sept.

Ráðuneytið telur nauðsynlegt, að strangt bindindiseftirlit sé haft í skólum landsins. Er því lagt fyrir skólastjóra í skólum, sem fræðslumálastjórninni lúta, að sjá um að eftirfarandi fyrirbætur sé hlýtt:

1. Í skólabýggingum, sem reistar eru með styrk af almannafé og/eða standa undir eftirliti fræðslumálastjórnar, má ekki hafa áfengi um hönd á skemmtunum eða fundum, sem nemendur eða aðrir halda í skólunum. Eigi má heldur áfengi um hönd hafa í skemmtiferðum nemenda, sem farnar eru á vegum skólanna eða fyrir þeirra atbeina.
2. Nemendum skal gefin ströng áminning, ef þeir koma í kennslustundir undir áhrifum vins eða neyta áfengis í hóbólum skólans. Sé endurtekinni áminningu ekki sinnt, skal hinum brotlega vikið úr skóla.
3. Komi kennari í kennslustund undir áhrifum vins eða vanræki kennslu eða önnur skyldustörf í skólanum sakir áfengisneyzlu, ber hlutaðeigandi skólastjóra þegar í stað að gera fræðslumálastjórninni aðvart, og mun slík hegðun kennara látin varða stöðumissi. Sama gildir, ef kennari verður sannur að hneykslanlegri framkomu á almannaferi sakir vinnueyzlu.

Skólastjórar bera ábyrgð á, hver í sínum skóla, að farið sé eftir fyrirbætur þessum, og skulu námsstjórar einnig hafa eftirlit með því, að þeim sé hlýtt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sveins Bjarnasonar, Heykollsstöðum“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. okt. 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

213

2. okt.

fyrir Minningarsjóð Sveins Bjarnasonar, Heykollsstöðum.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður á 70 ára afmæli Sveins Bjarnasonar, 12. nóv. 1949, með gjöfum frá sveitungum hans og öðrum vinum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4000.00.

3. gr.

Sjóður þessi er eign Tunguhrepps í Norður-Múlasýslu, og skal honum varið sem skipulagsskrá þessi ákveður.

4. gr.

Fé sjóðs þessa skal geyma og ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Skulu vextir sjóðsins leggjast við stofnféð þar til að ársvextir verða kr. 600.00. Skulu þá kr. 200.00 þeirra leggjast árlega við sjóðinn, en hinum hlutanum úthluta samkvæmt ákvæðum skipulagsskrárinnar.

Stofnfé og viðlagða vexti má aldrei skerða.

Stofnfé og viðlagða vexti má auka með gjöfum og áheitum.

Sveitarstjórn Tunguhrepps skal annast sjóð þennan að öllu leyti. Skal árlegur reikningur hans, sem skal vera fyrir almanaksárið, fylgja sveitarsjóðsreikningi hreppsins, og hlíta sömu lögum um endurskoðun og úrskurð. Ársreikningur og allar ákvarðanir viðkomandi sjóði þessum bókfærast í gerðabók Tunguhrepps.

Þegar fé kemur til úthlutunar úr sjóði þessum, skal sveitarstjórnin verja því til þess að styrkja þá menn í hreppnum, er sýna áhuga og dugnað í því að rækta nytjaskóg, til kaupa á trjáplöntum, girðingarefni eða öðru því, sem trjáræktinni má að gagni verða. Skulu efnaminni menn ganga fyrir að öðru jöfnu. Einnig er sveitarstjórninni heimilt að veita skógræktarfélagsskap í hreppnum styrkinn, ef hún telur honum betur varið á þann hátt.

Fari svo, að engin nytjaskógrækt yrði framkvæmd í hreppnum, skal sveitarstjórnin verja fénu til þess að styrkja efnalítla frumbýlinga til búfjárikaupa. Sé um enga þess háttar menn að ræða í hreppnum, skal fénu varið til þess að styrkja efnalítla fjölskyldumenn, er sýna dugnað og skyldurækni í störfum sínum.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Patrekshrepps er fyrirtæki, sem Patrekshreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign hreppsins, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafni: Rafveita Patrekshrepps, og hafa sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Patrekshrepps aflar raforku til almenningsþarfa í hreppnum með því að vinna hana sjálf í orkuverum eða kaupa hana frá öðrum, og veita þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Patrekshrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Patrekshrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforku-notenda á orkuveitusvæði sínu.